

6. fundur Verkefnisstjórn Rammaáætlunar, 6. áfanga

Staður: Akurey, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Borgartún 26, 105 Reykjavík

Tími: 28. nóvember 2025 kl.10:00-12:00

Mætt: Vstj: Svanfríður Jónasdóttir (SJ), Pétur Marteinn Urbancic Tómasson (PMUT) (á Microsoft Teams), Kjartan Ólafsson (KÓ), Ása L. Aradóttir (ÁLA), Guðrún A. Sævarsdóttir (GAS) (mætti kl 10:14), Jón Björn Hákonarson (JBH)

URN: Ása Guðmundsdóttir (ÁG)

Dagskrá:

1. Fundargerð 5. fundar
2. Hvalá, umfjöllun um gögn sem fyrir liggja
3. Þóknun fyrir vinnu á vegnum verkefnisstjórnar
4. Faghópar, staða þeirra og mönnun
5. Erindi sem borist hafa
6. Önnur mál

Fundur settur 10:05

1. Fundargerð 5. fundar. Engar athugasemdir og fundargerð staðfest.
2. Fjallað er um afgreiðslu beiðna um endurmat á virkjunarkostum. Áréttað er að Alþingi hefur tvisvar sinnum staðfest að Hvalárvirkjun skuli vera í nýtingarflokki, 2013 og 2022, og er það ákvörðun þeirra sem segir endanlega til um flokkun virkjunarkosta. Verkefnisstjórnin er aðeins ráðgefandi.
3. Fjallað er um þóknun fyrir vinnu á vegum verkefnisstjórnar og faghópa. Lagt er til að þeir aðilar sem hafa aldrei komið að rammaáætlun áður fái 10 launaða tíma til þess að afla sér upplýsinga. Í öðrum tilfellum, það er, þeir aðilar sem hafa komið að áföngum 1-5 fái 5 tíma. Minnisblað verður uppfært í samræmi við þessa ákvörðun.
4. Fjallað er um faghóp 3. Verkefnisstjórn staðfestir að Birgir Guðmundsson, félagsfræðingur og prófessor emeritus við HA verður formaður faghóps 3. Hjalti Jóhannesson verður áfram í faghópnum og er unnið að frekari mönnun.
5. Erindi sem borist hafa: Það bárust 2 erindi í gegnum vefsíðu rammaáætlunar. Fyrsta erindið var fyrirspurn frá Skúla Jóhannssyni um mælieiningar sem Faghópur 4 notar. Fyrirspurnin virtist snúa að efni á ramma.is. Einnig barst fyrirspurn frá Magnúsi Bjarnasyni þar sem hann spurði hvort að væri gagnlegt fyrir verkefnisstjórn og eða faghópa að fá upplýsingar um framgang verkefnisins í Fljótsdalshreppi. ÁG svaraði þessum erindum.
6. Önnur mál- enginn.

Fundi slitið 11:18